

Reykjavík 28.03.2025

Efni: Umsögn Samtaka ferðabjónustunnar um tillögu til þingsályktunar um skipun aðgerðahóps vegna almyrkva á sólu 12. ágúst 2026

Hinn 27. mars 2025 barst Samtökum ferðabjónustunnar – SAF umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um skipun aðgerðahóps vegna almyrkva á sólu 12. ágúst 2026. SAF hafa farið yfir málið og vilja koma með eftirfarandi athugasemdir:

Lærum af reynslu annarra

Í greinargerðinni með málinu er stuttlega farið hvar og hvenær almyrkvinn muni sjást hér á landi. Þá er farið yfir nýlega reynslu Færeyinga, Bandaríkjanna og annarra þjóða þegar almyrkvi gekk yfir. Að endingu er farið yfir nauðsyn þess að skipa aðgerðahóp sem á að greina mögulegar sviðsmyndir vegna almyrkva á sólu 12. ágúst 2026. Þar er gert ráð fyrir að ríkislögreglustjóri leiði aðgerðahópinn og að hópnum komi helstu aðilar sem sinna lögbundnum verkefnum sem almyrkvanum tengjast, auk annarra aðila sem ráðherra telur erindin eiga í hópinn.

Ferðabjónustan þarf að eiga sæti

Samtökin fagna umræðunni og tillögunni en töluvert er síðan íslensk ferðabjónusta hóf umræðu um atburðinn. Nú þegar berast fréttir um uppselda gististaði og ýmsa þjónustu og er óhætt að segja að atvinnugreinin hafi áhyggjur af skipulagi og samgöngum.

Samtökin hvetja til þess að einhverjir verði skipaðir af hálfu samtakanna enda er augljóst að þessi atburður mun koma ferðabjónustunni við. Því er mikilvægt að skipaðir verði aðilar í aðgerðahópinn sem hafa greinagóða þekkingu á greininni og viðbrögðum innlendra og erlendra ferðamanna við mögulegum breytingum á veðri og aðstæðum. Aðstæður geta breyst hratt t.d. ef veðurskilyrði breytast og geta valdið töluverðu álagi á vegakerfið og þjónustu innviði víðsvegar á vesturhluta landsins.

Samtökin hvetja til skipunar hópsins og benda þingnefnd á að ná samtali við Sævar Helga Bragason, *Stjórnu-Sævar*, sem hefur ferðast um heiminn til að upplifa almyrkva og þekkir því vel til þeirra aðstæðna sem geta myndast við svona atburði.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri Samtaka ferðabjónustunnar